
Hörgárbyggð

Aðalskipulag 2006-2026



Hörgárbyggð

Aðalskipulag 2006-2026




LANDMÓTUN®

Yngvi Þór Loftsson
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

A. FORSENDUR	5
1.0 NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR	5
1.1 INNGANGUR	5
1.2 VEÐURFAR	5
1.3 JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG	7
1.3.1 Jarðhiti og nýting hans	9
1.4 GRÓÐURFAR OG ÁSTAND GRÓÐURS	9
1.4.1 Gróðurfar	9
1.4.2 Skilyrði til skógræktar	10
1.5 GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI	11
1.6 DÝRALÍF	12
1.7 NÁTTÚRUVÁ	14
1.7.1 Jarðskjálftar	14
1.7.2 Skriðuföll	14
1.8 NÁTTÚRUMINJAR	17
1.9 HLUNNINDI	18
1.9.1 Hagnýt jarðefni	18
2 ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	21
2.1 INNGANGUR	21
2.2 ÍBÚAÐRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR	21
2.3 ATVINNUMÁL	22
2.3.1 Landbúnaður	24
2.3.2 Iðnaður	26
2.3.3 Verslun og þjónusta	27
2.3.4 Ferðaþjónusta	27
2.3.5 Skógrækt	28
2.3.6 Frístundabyggð	29
2.4 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA	30
2.4.1 Grunnskólar og leikskólar	31
2.4.2 Sjúkraflutningar, almannavarnir og brunavarnir	31
2.4.3 Heilbrigðisstofnanir og íbúðir aldraðra	31
2.4.4 Sorpeyðing	31
2.5 SAMGÖNGUR	32
2.5.1 Vegir	32
2.6 VEITUR	33

2.8 FORNMINJAR..... 34



Mynd 1. Vindrósir fyrir Möðruvelli 1996-2008 og Krossanesbraut 2005-2008.

A. FORSENDUR

1.0 NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR

1.1 Inngangur

Hér er fjallað um helstu þætti í náttúrufari í Hörgárbyggð. Einkum er stuðst við svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 sem og annarra og er þeirra getið í hvert sinn.

1.2 Veðurfar


Veðurstöðvar sem koma best að gagni til að lýsa veðurfari í Hörgárbyggð er á Möðruvöllum í Hörgárdal og á Auðnum. Á Möðruvöllum er sjálfvirk veðurstöð en á Auðnum er úrkomustöð.

Veðurfar Hörgárbyggðar einkennist af fjöllum sem umlykja dalina sem og legu Eyjafjarðar.


Vindur

Vindátt og vindhraði eru mæld af veðurstöð á Möðruvöllum. Ríkjandi vindáttir á svæðinu taka mið af staðháttum og landslagi. Þannig lagar vindur sig mikið að meginstefnu aðliggjandi fjalla. Á mynd eru vindrósir sem sýna tíðleika vindáttá á Möðruvöllum, annars vegar tíðleika allra vindáttá og síðan tíðleika vindáttá yfir 15 m/s. Einnig eru sýndar vindrósir fyrir Krossanesbraut sem lýsir ágætlega hvernig vindur er í austan og suðaustanverðri Hörgárbyggð.

Algengustu vindáttirnar er N-NNA átt og SV-átt sem samsvarar meginstefnu þverdalanna í Eyjafirði. Með suðvestanáttinni fylgir oft mikill vindur eins og sjá má á mynd 2 sem sýnir tíðleika vindáttá yfir 15 m/s. Suðlæga áttin er mun algengari að



Mynd 2. **Meðalmánaðarúroma á Auðnum 1997-2007.** (Heimild: Veðurstofa Íslands 2005)



Mynd 3. **Meðalhiti á Möðruvöllum** (Heimild: Veðurstofa Íslands 2005)

vetrarlagi en að sumarlagi sem stafar m.a. af því að á sumrin er norðanáttin (hafgola) mjög algeng í Eyjafirði.¹

Á vindrós fyrir Krossanesbraut á Akureyri má sjá tíðleika allra vindátta. Þar sést að SSA- og NNV- áttir eru algengastar og að jafnaði álíka hvassar. En þegar vindrós 4 fyrir Krossanesbraut er skoðuð sést að þegar vindhraði er yfir 15 m/s þá er VSV áttin er algengust eða í um 16 % tilvika og S-áttin í um 12% tilvika.

Af öllum þessum vindrósum má sjá að vindur í Hörgárbyggð er ekki eins í mynni Öxnadals og við Eyjafjörðinn. Og hvassasta vindáttin á svæðinu er S-, SV- og VSV-átt.

Úrkoma

Meðalársúrkoma á Auðnum er um 513 mm ári. Úrkoma í Eyjafirði er breytileg eftir afstöðu fjalla og hæð yfir sjó en ársúrkoman er álíka mikil inn Eyjafjarðardalinn sem og út með vesturströndinni til Dalvíkur og er úrkoman álíka mikil og á Akureyri. Úrkoman eykst svo frá Dalvík og eftir því sem utar dregur. Mest er úrkoman í september 74 mm en minnst er hún á vormánuðum og á sumrin. Minnst úrkoman er að meðaltali í júní eða um 21 mm. Rösklega helmingur ársúrkomunnar er snjór eða slydda.²

Hitastig


Ársmeðalhiti á Möðruvöllum á árunum 1996-2005 er í kringum 3,5°C miðað við 3,3°C á Akureyri og 4,4°C í Reykjavík.³ Kaldasti mánuðurinn er febrúar með um- 2,1°C en sá heitasti er júlí með um 11,1°C. Hafið dregur úr mismun á sumar- og vetrarhita og þess gætir verulega við Eyjafjörð. Vetrarkuldiinn er minni og sumarhitinn er lægri út með firðinum en við fjarðarbotninn og inn til dala.⁴

¹ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

² sama

³ Heimasíða Veðurstofu Íslands, <http://www.vedur.is>, og skrifleg athugasemd frá Veðurstofunni, dags. 02.05.2008.

⁴ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018



Mynd 4. Jarðfræðikort af Mið-Norðurlandi. (Heimild Náttúrufræðistofnun Íslands)

1.3 Jarðfræði og landslag

Eyjafjarðarsvæðið byggðist upp á síðari hluta tertíer-tímabilsins (3 m. ár - 12. m.ár). Það einkennist af eldvirkni sem á nokkrum ármilljónum byggði upp bunguvaxna hásléttu (hæst við Kerlingu) úr basalhraunum (blágrýti). Hraunlögin eru elst nyrst á Tröllaskaga og í Fjörðum og yngjast til austur, suðurs og vesturs. Berglagastaflanum hallar til vesturs í átt að fornu gos- og rekbelti sem lá á myndunartímanum um Snæfellsnes og norður um austanvert Vatnsnes. Fyrir um 3 m. ára gerðist það að gos- og rekbeltið færðist skyndilega til austurs eða á þann stað sem það er nú, þ.e. eftir Ódáðahrauni endilöngu allt frá sjó í Öxarfirði og suður í Kverkfjöll. Þessi tilfærsla á rekbeltinu olli myndun andhverfuáss sem liggur frá N-S um miðbik Tröllaskaga en sveigir til austurs nokkru sunnan við Hrísey og þaðan þvert yfir í Fjörður. Þetta veldur því að berglagastaflanum hallar til vesturs, vestan þessarar andhverfu en til austurs fyrir austan hana (ath. ég á kort sem sýnir þetta nokkuð vel.)

Basalthraunin hlóðust upp nokkuð óáreitt í fjölmörgum gosum á sprungum því útrænu öflin máttu sín lítills á þessu tímabili. Þó hafa fundist ummerki um fornar útbrunnar megineldstöðvar sem skagað hafa upp úr hásléttunni á nokkrum stöðum. Megininkenni þeirra eru að þar er mikið um súrar bergtegundir og innskot. Þá fylgdi megineldstöðvum meðan þær voru virkar, mikill jarðhiti þannig að berg varð mjög ummyndað í nágrenninu. Eina slíka megineldstöð er að finna í fjallendinu milli Öxnadal og Eyjafjarðar upp af Bakka í Öxnadal og yfir að Hrafnagili. Helstu einkenni hennar er ljós litur á berginu sem glögglega má sjá í Súlum upp af Akureyri.

Síðan ísöld gekk í garð fyrir um 3 milljónum ára hefur þetta land verið hulið jökli í allt að 30 skipti með hlýskeyðum á milli, þar sem veðurfarið hefur verið með svipuðum hætti og nú er. Á þessum hlýskeyðum fóru útrænu öflin (vindar, hafstraumar, ár og jöklar) að láta til sína taka við að rjúfa niður þennan mikla berglagastafla. Einkum voru það jöklarnir og árnar sem grófu sér gil, gljúfur og síðan mikla dali ofan í hásléttuna. Við það koma fram innviðirnir þ.á m. aðfærsluæðar einstakra hraunlaga sem þverskera hann með berggöngum hátt upp eftir hlíðunum. Á Eyjafjarðarsvæðinu stefna gangarnir yfirleitt í N-S eða NNA-SSV, en aðrar stefnur þekkjast einnig.

Síðasta jökulskeiði lauk fyrir um 10.000 árum og skildu jöklarnir þá eftir sig mikið magn jökulruðnings ofan á bergrunninum og er þetta sá jarðgrunnur sem þekur stærstan hluta svæðisins. Framburður vatnsfalla er einnig áberandi hluti jarðgrunnsins. Þannig hafa við

núverandi sjávarmál myndast miklir óshólmar, eyrar og grunn langt út í fjörðinn. Má þar nefna áreyrar Fnjóskár, vaðla Eyjafjarðarár, Oddeyri og Hörgáreyrar. (ljósmynd?)

Skömmu eftir lok síðasta jökulskeiðs gekk sjór langt á land í Eyjafirði. Ástæðan var sú að við bráðnun jökulíssins hækkaði mjög í heimshöfunum en landið var enn pressað niður af fargi jökulíssins. Þetta leiddi til þess að sjór gekk á land og óshólmar (malarhjallar) mynduðust við mun hærri sjávarstöðu en nú. Þannig eru Melgerðismelar og brekkan upp af innbænum á Akureyri menjar um þessa gömlu óshólma.

Í hinum breiðari dölum sem ganga inn í Tröllaskaga má víða sjá mikil gil og gljúfur sem opnast út á láglendi. Hér eru árnar að verki sem ásamt frostveðrun mola bergið niður og bera efnið með sér í átt til sjávar. En þar sem þær koma út á láglendið dettur straumhraðinn niður og þar með burðargetan. Efnið hleðst því upp fyrir mynni gljúfranna þannig að aflíðandi setbrekkur úr mól og grjóti safnast fyrir. Þessi fyrirbæri kallast aurkeilur.


Annað nokkuð áberandi fyrirbæri í þessum dölum eru miklir haugar af mól og grjóti á afmörkuðum stöðum. Þeir kallast berghlaup og langþekktasta fyrirbærið af þessu tagi eru hólarnir við Hraun í Öxnadal. (ljósmynd?) „Þar sem háir hólur, hálfan dalinn fylla, .. (Jónas Hallgrímsson, 1845)

Löngum var talið að myndun berghlaupa tengdist hörfun jökla í lok síðasta jökulskeiðs, því þegar þeir hörfuðu skildu þeir eftir sig dali með bröttum hlíðum sem hrundu fram þegar jökullinn studdi ekki lengur við þær. Nýlegar rannsóknir hafa hins vegar leitt í ljós að víða eru berghlaup úr lagskiptu efni og hljóta því að hafa myndast á einhvern annan hátt en með skyndilegu hruni.

Á Tröllaskaganum er víða að finna smájökla, svokallaða skálarjökla og daljökla (alpajökla). Stærstur þessara jökla er Gljúfurárjökull í Skíðadal en einnig má nefna Tungnahryggsjökul, Vindheimajökull og Bægisárjökull. Þessir jöklar fóru hugsanlega að myndast fyrir um 2.500 árum þegar kuldaskið gekk í garð sem enn ríkir. Stærð þeirra er mjög háð sveiflum í hitastigi og úrkomu. Þeir eru t.d. mun minni nú en þeir voru á síðustu öldum, en sennilega voru þeir einna stærstir á harðindatímabilinu í lok 19. aldar.⁵

⁵ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

Almenn jarðfræði (Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson, IÐNÚ, 2004)



Mynd 5. Gróðurkort af Hörgárbyggð.

1.3.1 Jarðhiti og nýting hans

Jarðvarmasvæðum hér á landi er skipt niður í lághitasvæði og háhitasvæði. Innan Hörgárbyggðar er lághitasvæði og er jarðhitinn bundinn ákveðnum sprungum, oftast með N-S stefnu. Vatnsmagnið er fremur takmarkað á hverjum stað og hitinn á bilinu 20-90°C. Heitast hefur það fundist á Laugalandi á Þelamörk 103°C.⁶

Nýtingarmöguleikar jarðhita eru einkum þessir:

- húsa hitun; íbúðarhúsnæði, útihús og sumarhús
- iðnaður
- upphitun sundlauga, sbr. Þelamörk
- ræktun; ylrækt og fiskeldi
- heilsustarfsemi
- snjóbræðsla

1.4 Gróðurfar og ástand gróðurs

1.4.1 Gróðurfar

Ekki hefur verið gefið út gróðurkort af skipulagssvæðinu. Fyrir liggur einfaldað yfirlitsgróðurkort frá Náttúrufræðistofnun Íslands, sem byggir á samanburði á gervitunglamyndum og þeim athugunum á gróðurfari sem liggja fyrir. Við upphaf skipulagsvinnunnar var gengið út frá að stuðst yrði við fyrirliggjandi gögn.

Á yfirlitskorti Náttúrufræðistofnunar er landinu skipt í fjóra flokka (sbr. kort 2.1), þ.e. þrjá flokka gróins lands og einn flokk ógróins lands. Þar sem gróðurþekja er að meðaltali meira en 30% þá telst landið gróið. Vegna þess hve mælikvarði kortsins er lítill (1:500 000) ber þess að geta að flokkarnir skarast mikið, þannig að á svæðum sem eru flokkuð með þurr-lendisgróðri eru einnig lítil votlendissvæði og öfugt. Til viðbótar er fært inn á gróðurkortid ræktað land og skógræktarreitir.

Í Hörgárbyggð er fjölbreyttur gróður og ber helst að nefna:

⁶ sama

1. Sjávarfitjarnar við ósa Hörgár hafa fjölbreyttan sjávarfitjagróður og þar vaxa margar tegundir sem eru bundnar sjávarfitjum, en flatarmál þeirra er mjög lítið. Þessar tegundir eru m.a. strandlófótur, skriðstör, marstör, skeljamura, strandsauðlaurur, lágurfi, hnotsörvi o.fl.

2. Fjöllin eru rík af fágætum háfjallategundum eins og t.d. fjallabláklukku, fjallabruðu, hreistursteinbrjóti, fjallavorblómi, fjallakrækilyngi og finnugsstör.

Á móti kemur að jarðhitagróður og vatnagróður er fremur fátæklegur á svæðinu, enda engin hverasvæði og lítið af stöðuvötnum.

Ýmsar tegundir sveppa finnast á Eyjafjarðarsvæðinu og er fjölbreytni þeirra í meðallagi. Annar af tveimur fundarstöðum stærsta belgsvepps landsins, jötungímu, er í Svíra í landi Þríhyrnings í Hörgárdal.

Í Hörgárbyggð er láglendi víða mjög vel gróið og gróið er vel upp í hlíðar þó þær séu oft á tíðum brattar og skriðurunnar. Votlendi er að finna við Hörgárósa og víða við árbakka Hörgár og Öxnadalsár.

Dæmi um gamlar skógarleifar á skipulagssvæðinu eru í landi Vagla á Þelamörk og á eyðibýlinu Miðhálsstöðum í Öxnadal. Allir hafa þessir skógarreitir verið girtir og hefur birkiskógur tekið vel við sér á þessum stöðum. Á nokkrum þessara skógarsvæða hafa barrtré verið gróðursett í skjóli birkiplantna.

1.4.2 Skilyrði til skógræktar

Í athugunum Hauks Ragnarssonar á skógræktarskilyrðum á Íslandi kemur í ljós að almennt séð eru skilyrði góð fyrir birki og lerki á skipulagssvæðinu.

Þegar lítið er á skiptingu landsins í skógræktarsvæði eftir veðurskilyrðum, þá flokkast Eyjafjörður innan Hríseyjar í svæði þar sem sumarhiti er meiri en 8,5°C og meðalhiti í júlí 10-11°C og janúar kaldari en -1°C. Meðalúrkoma er 400-700 mm og vaxtartími 100-110 dagar. Bestu skógræktarskilyrðin á landinu er að finna á stöðum þar sem sumarhitinn er alls staðar meiri en 9°C og júlíhiti yfir 11°C. Þetta eru svæði eins og Fljótsdalshérað, lítið

svæði kringum Akureyri, suðurdalir Borgarfjarðar og innanverður Hvalfjörður, uppsveitir Árnessýslu og efri hluti Landssveitar og Rangárvalla.⁷

1.5 GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI

Til vatnafars svæðisins telst bæði grunnvatn og yfirborðsvatn, s.s. votlendi, tjarnir, lindir, vötn, ár, lækir og sjór. Í tengslum við búsetu manna eru hrein og ómengað vatnsból, sem nýtast til vatnstöku mikilvægust, en grenndarsvæði þeirra þarf einnig að vernda. Vatnafar hefur einnig áhrif á lífríki sem oft er mikilvægt að varðveita. Vatnsverndarsvæði á Eyjafjarðarsvæðinu eru mjög víðfeðm.

Blágrýtisgrunnurinn sem ríkjandi er á svæðinu er vatnafarslega tiltölulega þéttur, andstætt lekum móbergs- og eldfjallasvæðum. Sprungur eru þó víða sem hafa áhrif á rennsli og söfnun grunnvatns. Laus jarðlög á yfirborði geyma oft mikið vatnsmagn, t.d. berghlaup, sand- og malarlög, sem myndast hafa við rof af ýmsum tegundum.

Berghlaup eru mjög algeng á Eyjafjarðarsvæðinu og eru sum þeirra mjög stór eins og áður hefur verið getið. Oft er röð af lindum í jaðri berghlaupanna á þessum stöðum. Þar er víða vatnstaka, en í ýmsum tilfellum er vatn þó takmarkað og lindirnar geta jafnvel tæmst í þurrkasumrum. Sums staðar eru áreyrar notaðar sem vatnstökusvæði. Megin vatnstökusvæði Vatnsveitu Akureyrar er á Hörgáreyrum.

Vatnsverndarsvæði ber að afmarka, skv. ákveðinni flokkun, þar sem aðrennsli vatnsbóla fyrir vatnsveitur eru. Þessir þrír flokkar vatnsverndar eru eftirfarandi:⁸

1. **Brunnsvæði** hið næsta vatnsbólinu sjálfu. Þar er algjör friðun. Umfang þessa svæðis skal vera minnst 5 m frá vatnsbóli, en stærðargráðan 50 x 50 m er oft æskileg.
2. **Grannsvæði** er sá hluti aðrennslissvæðisins sem næst liggur vatnsbólinu. Þar ber að forðast alla aðsteðjandi mengun.
3. **Fjarsvæði** er hinn fjarlægari hluti aðrennslissvæðisins. Þar er mengunarhætta minni og

⁷ Haukur Ragnarsson, Um skógræktarskilyrði á Íslandi, 1977

⁸ sama

ekki er þörf á eins strangri vernd og gildir um grannsvæðin. Þessi svæði eru oft mjög víðfeðm, t.d. þar sem vatnstaka er í áreyrum.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá til þess að vatnsverndarsvæði séu afmörkuð á grundvelli vatnafræðilegra og jarðfræðilegra aðstæðna. Þessi vatnsverndarsvæði hafa verið afmörkuð fyrir stærstu staðina á svæðinu og nokkrum fleiri, en á mörgum stöðum liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir. Það á sérstaklega við um einkaveitur.⁹

1.6 DÝRALÍF

Á skipulagssvæðinu liggja ekki fyrir miklar rannsóknir á dýralífi.

Skordýralíf er talið fremur fjölbreytilegt á Eyjafjarðarsvæðinu og eru skráðar um 370 tegundir skordýra í Eyjafirði, en í landinu öllu finnast um 1000 tegundir. Jarðvegslíf hefur þó verið kannað óvenjumikið á vesturströnd Eyjafjarðar en talsverðar rannsóknir hafa á seinni árum farið fram á Möðruvöllum í Hörgárdal á smádýralífi í túnnum og úthaga þar. Annars staðar við Eyjafjörð eru heimildir um smádýr litlar.

Fuglar

Fuglalíf er víða mikið og fjölbreytilegt við Eyjafjörð. Auðugast er það við óshólma stærstu ána og þar með talið Hörgár. Ósarnir eru mikilvægar vetrarstöðvar fyrir fugla af andaætt og eru þar allt upp í 25 tegundir. Æðarfugl er algengastur, en einnig er þar mikið af stokkönd, eitthvað af rauðhöfðaönd, hávellu, straumönd og toppönd.

Kríu er víðast að finna sem og nokkrar tegundir máva. Ýmsir mó- og mýrarfuglar eru algengir, einnig skógarprestir og auðnutittlingar. Hrafnar eru algengir, en fátt er af smyrli og fálkum. Um 70 tegundir fugla eru skráðar á svæðinu og þar af eru um 45 tegundir sem verpa þar. Ernir verpa sjaldan á Eyjafjarðarsvæðinu. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af matfugli, þ.e. rjúpu og gæs.

⁹ sama

Selur og hvalur

Selir voru algengir á svæðinu fyrr á öldum og selalátur voru nokkuð víða í Eyjafirði. Þeir eru þó algengari við útnes, nyrst á svæðinu, þar sem mannaferðir eru í lágmarki.

Hvalagöngur inni á Eyjafirði voru nokkuð algengar fyrrum en þær fóru stórminnkandi frá byrjun 20. aldar og fram á níunda áratuginn. Hnísur og smáhveli sjást nú á ný í vaxandi mæli. Einn þáttur ferðaþjónustunnar á svæðinu er að fara í hvalaskoðunarferðir út Eyjafjörð.

Landdýr

Landdýralíf á skipulagssvæðinu er nokkuð fjölbreytilegt. Engin sérstök könnun hefur verið gerð á landspendýrum í heild á svæðinu, svo kunnugt sé. Þó má telja víst að flestar tegundir villtra landspendýra sem fyrirfinnast á Íslandi séu á skipulagssvæðinu, Villt landspendýr á svæðinu eru tófa, minkur og mýs.

Tófan er nokkuð dreifð um allt Eyjafjarðarsvæðið en í heildina er þó fremur lítið af henni. Hún er algengust þar sem byggðin er strjálust, s.s. inn til dala og á útnesjum. Minkur er algengur víða í héraðinu, enda hefur hann mikla aðlögunarhæfileika. Húsamúsin er algengust á þéttbýlissvæðunum. Hún er yfirleitt ekki til mikils ama eða tjóns. Hagamúsin, er töluvert algeng víða á svæðinu, einkum fjarri byggð. Hún getur þó sótt heim að húsum yfir vetrartímann.

Lax og silungur

Helstu straumvötn á skipulagssvæðinu eru Hörgá og Öxnadalsá og síðan er fjöldinn allur af minni þverám sem renna í þessar tvær ár. Stærsta vatnið innan skipulagssvæðisins er Hraunsvatn í Öxnadal en síðan er eitthvað af minni tjörnum. Í þessum ám er bleikjuveiði og einhver lax- og urriðaveiði við ósa Hörgár. Í Hraunsvatni er silungsveiði.¹⁰

¹⁰ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

1.7 NÁTTÚRUVÁ

1.7.1 Jarðskjálftar

Hættusvæði eru svæði þar sem hættu stafar af m.a. ofviðri, skriðuföllum, snjóflóðum, jarðskjálftum eða hafís. Samkvæmt lögum er það hlutverk Almannafræðisins að skrá og gera úttekt á hættusvæðum á landinu og framkvæma hættumat. Hingað til hefur þessi vinna nær eingöngu einskorðast við þéttbýlisstaði á landsbyggðinni.

Ekki hefur verið gerð nákvæm greining á hættusvæðum á skipulagssvæðinu. Nyrsti hluti Eyjafjarðar er á svæði þar sem búast má við stórum jarðskjálfta einu sinni á öld. Af stærstu skjálftum má nefna Dalvíkurskjálftann 1934 og skjálftann sem átti upptök sín í mynni Skagafjarðar árið 1963.

Skjálftahrinin sem kennd er við Dalvík (1934) var mjög mikil. Verulegar skemmdir urðu á mannvirkjum norðanvert við Eyjafjörð. Áhrif skjálftans voru þeim mun minni sem sunnar dró á Eyjafjarðarsvæðinu.

1.7.2 Skriðuföll

Ofanflóð eru flokkuð í snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram. Berghlaupin hafa flest fallið skömmu eftir ísöld og ekki er vitað með vissu um að berghlaup hafi fallið við Eyjafjörð eftir landnám.

Eins og áður segir eru skriður mjög algengar á Eyjafjarðarsvæðinu. Á skipulagssvæðinu eru títt nefndar stórar skriður í Hörgárdal og í innanverðum Öxnadal.¹¹

Hér á eftir er greint frá nokkrum af þeim skriðuföllum og því grjóthruni, sem fallið hefur á skipulagssvæðinu frá landnámi til ársins 1997 og heimildir finnast um. Stuðst er við samantekt þessara atburða úr svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Það ber að taka skýrt fram að hér er eingöngu um að ræða upptalningu skráðra atburða. Ekki liggja neinar vísindalegar úttektir fyrir varðandi einstök tilvik og þar af síður hefur verið unnið lögformlegt hættumat á viðkomandi stöðum.¹²

¹¹ sama

¹² sama

1. Árið 995 er í Víga-Glúmssögu getið skriðuhlaups á bæinn Myrkárdal í fyrrum Skriðuhreppi, sem tók af sum húsanna.
2. Grjótskriða hljóp á bæ í Myrkárdal árið 1337 og létust 7 manns.
3. Á Lönguhlíð, nú Skriðu, féll skriða árið 1390 og létust 16 manns, einnig tók af bæinn í Búðarnesi í Hörgárdal um svipað leyti og létust þá 12 manns. Skriðuföll á þessu ári eru talin einhver torfelldust og mannskæðust sem á Íslandi hafa orðið.
5. Lambáarkot í Þorvaldsdal fór í eyði eftirskriðufall árið 1721.
- 6.. Jarðskriða féll undan klettum í Hörgárdal árið 1769, mörg hundruð metra breið. Hún fór yfir fjóra bæi; Yxnahól, Uppsali, Hallfríðarstaði og Hallfríðarstaðakot. Í skriðunni fórust þrjár manneskur og talið er að fimm hafi slasast.
7. Langahlíð fremri í Hörgárdal varð undir jarðfalli árið 1795.
8. Skriða tók af hús í Býjabæ í Hörgárdal, þá fórust fjórir menn, árið 1805. Jarðir í Myrkár- og Barkársókn stórskemmdust. Mikið flóð varð í Hörgá á þessu ári.
9. Skriðföll urðu við Efstaland í Öxnadal árið 1877. Einnig féll skriða á bæi í Hörgárdal og Barkárdal.
10. Skriðuföll og vatnavextir ollu skemmdum í Öxnadal árið 1887. Árnar skemmdu engi, tún og bakka sína. Nokkrar jarðir skemmdust það mikið að tæpast var þar búandi lengur, s.s. Gil, Varmavatnshólar og Bessahlaðir í Öxnadal.
11. Skriða hljóp hjá Býjabæ árið 1938, eyðibýli andspænis Ásgerðarstöðum, í Hörgárdal.
12. Í ágúst árið 1926 féllu skriður víða. Í Hörgárdal og Öxnadal ollu skriður miklum skemmdum, s.s. á jörðunum Neðra- og Efstalandi ásamt Efstalandskoti.
13. Í miklum vatnavöxtum féllu skriður á veg hjá Miðlandi í Öxnadal árið 1939. Skriðan í Öxnadal var mjög grjótrík og lokaði hún veginum, tók langan tíma að opna hann á ný.
14. Miklar skriður féllu á nokkrum stöðum á veginn um Öxnadalshéiði árið 1954.
15. Skriða féll á veginn hjá Gloppu í Öxnadal árið 1956. Mikil skriða féll við Hestahraun á Þorvaldsdal.
16. Skriður féllu við Búðarnes í Hörgárdal árið 1994. Þessar skriður ollu skemmdum á túnum og girðingum.¹³
17. Skriður féllu árið 2006 á nokkrum stöðum í Hörgárbyggð.

Snjóflóð eru mjög algeng á svæðinu og eru þau að jafnaði nokkuð staðbundin. Vissar landfræðilegar og veðurfarslegar aðstæður skapa snjóflóðahættu og algengast er að

¹³ sama

snjóflóð falli vestanvert í hlíðum og dölum. Þetta stafar af ríkjandi vindáttum sem oftast eru norðan og norðaustanstæðar þegar snjócoma er á vetrum. Einnig má nefna suðvestanstæðar vindáttir á vetrum.

Skráning snjóflóða í annálum frá fyrri tíð er nær eingöngu bundin við hamfarir þegar mannskaði, eða tjón á mannvirkjum og búfenaði hefur orðið. Af þessum sökum vantar allmikið inn í heildarskráningu svæðisins þar sem snjóflóð hafa fallið án þess að skaði hafi orðið.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanna snjóflóðadeildar Veðurstofunnar stendur nú yfir heildarskráning á snjóflóðahættu á landsgrundvelli. Ákveðin forgangs röðun er höfð við þetta stóra verkefni og eru nú þau svæði í rannsókn sem brýnast er að meta og leggja til úrlausnir.

Eftirfarandi úttekt er tekin úr svæðisskipulagi Eyjafjarðar og ná atburðir til ársins 1997. Snjóflóð sem fallið hafa síðan þá eru ekki með í upptalningunni. Hér er einungis um að ræða upptalningu skráðra atburða. Ekki ligga neinar vísindalegar úttektir fyrir, nema að takmörkuðu leyti, varðandi einstaka atburði og þar af síður hefur verið unnið lögformlegt hættumat á viðkomandi stöðum. Í þessu sambandi ber að vísa til laga nr. 49/1997 og reglugerða nr. 647/1997 og 163/1998. Sjá kaflanr. 5.1.5 sem fjallar um hættusvæði vegna ofanflóða.¹⁴

1. Tveir menn fórust í snjóflóði undan Auðbrekkufalli í Hörgárdal árið 1621.
2. Maður fórst í snjóflóði í Hörgárdal árið 1692, staður ókunnur.
3. Maður týndi lífi í snjóflóði á Myrká í Hörgárdal árið 1705.
4. Tvær konur fórust í snjóskriðu á Hörgárdalsheiði árið 1812.
5. Húsmaður fórst í flóði í Bessahlaðafalli í Öxnadal árið 1852.
6. Vinnupiltur fórst í snjóflóði á Myrkárdal upp af Hörgárdal árið 1896.
7. Snjóflóð varð við eyðibýlið Varmavatnshóla í Öxnadal árið 1938.
8. Árið 1943 féll snjóskriða gekk yfir Skjaldarstaði í Öxnadal og drap kindur.
9. Símalínur eyðilögðust við Bakkasel í Öxnadal árið 1953. Flóð varð við Brakanda í Hörgárdal.
10. Snjóflóð féll á Barkárdal, vestan úr Hörgárdal árið 1958, fénaður tapaðist.

¹⁴ sama

11. Þrjú snjóflóð féllu í Hörgárdal árið 1973.

12. Árið 1974 féllu mörg snjóflóð í Öxnadal, m.a. úr Landafjalli og Klofagili, sem slitu raflínur.

13. Í Öxnadal og á Öxnadalshéið hlupu flóð árið 1987, ollu þau skemmdum víða á girðingum.

1.8 NÁTTÚRUMINJAR

Eitt svæði er friðlýst í Hörgárbyggð en Hinn 10. maí 2007 var að tillögu Hrauns í Öxnadal ehf., eigenda jarðarinnar Hrauns, með samþykki sveitarstjórnar Hörgárbyggðar og að fengnu álitni Umhverfisstofnunar, ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni. Í Hörgárbyggð eru 4 svæði á náttúruminjasrá og eru þau öll auðkennd á skipulagsupprætti.¹⁵

Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir
Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (501)	Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan Þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéið. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.	
Hraunsvatn og Vatnsdalur (505)	Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsýslu. (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.	
Hörgárósar (505)	Hörgárósar, Hörgárbyggð. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Öss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.	
Krossanesborgir (507)	Krossanesborgir, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af Þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og	

¹⁵ Heimasíða Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is>, 15.09. 2005.

	votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.	
--	--	--

Tafla 1. Svæði á náttúruminjaskrá í Hörgárbyggð. (Heimild: Umhverfisstofnun, náttúruminjaskrá)

Tillaga liggur fyrir hjá Umhverfisstofnun um stofnun friðlands á 9,7 ha svæði við Hörgárósa en "á svæðinu er fjölbreytt fuglalíf, votlendi og sjávarfítjar. Svæðið hefur alþjóðlegt verndargildi vegna fuglalífs en þar eru einnig sjaldgæfar plöntutegundir. Við Hörgárósa eru minjar um einn þekktasta verslunarstað Íslendinga frá miðöldum, Gásar. Við Hörgárósa er ein af fáum leirum í Eyjafirði"¹⁶

1.9 HLUNNINDI

1.9.1 Hagnýt jarðefni

Engin heilstæð úttekt hefur verið gerð á hagnýtum jarðefnum á svæðinu. Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 er til er skrá yfir helstu efnistökuastaði Vegagerðar ríkisins. Þar er um að ræða efni í burðarlag og slitlag. Malar- og sandnámum, eða svokölluðum efnistökusvæðum, er skipt í tvo flokka, annars vegar tímabundið efnistökusvæði og hins vegar föst efnistökusvæði. Fyrri flokkurinn á minna erindi inn á skipulagsupprátt vegna þess hve stutt þær námur eru opnar eða hve litlar þær eru. Algengast er að Vegagerðin notist við þessa gerð efnisnáma. Föst efnistökusvæði eru oft í notkun einn eða fleiri áratugi. Efnisnámið er þá yfirleitt hagnýtt af bæjar- eða sveitarfélögum. Einnig þekkist að eigendur stjórni efnisnámi og selji framkvæmdaaðilum.¹⁷

Skrásett efnistökusvæði eru eftirfarandi, aðgreint eftir sveitarfélögum. Námurnar eru flokkaðar eftir stærð og er tölusetning höfð aftan við hverja námu.

I. Verður tekin úr notkun.

II. Lítil, víkjandi náma; 10 til 25.000 rúmmetrar.

III. Meðalstór náma; 25-100.000 rúmmetrar.

IV. Stór náma; allt að 150.000 rúmmetrar.

V. Mjög stór náma; stærri en 150.000 rúmmetrar eða umhverfismatsskyld af öðrum orsökum.


¹⁶ sama

¹⁷ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.


Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Sérgreind stefnumörkun	Jörð
E1	Staðartunga	Hjallar við mynni Öxnadals og eyrar Hörgár og Bægisár. Mikið efnismagn til vegagerðar.	II	Staðartunga
E2	Húsá		III	Þríhyrningur
E3	Neðstaland	Efni til vegagerðar í Öxnadal, tekið úr ánni.	II	Þverá
E4	Geirhildargarðar	Vegagerðin nýtir gróft efni úr aurkeilum til viðhalds safnvega.	I	Engimýri
E5	Fagranes	Vegagerðin hefur tekið þar efni til viðhalds safnvega.	I	Auðnir
E6	Gloppaskriða	Vegagerðin nýtir þar gróft efni til viðhalds safnvega.	I	Auðnir
E7	Varmavatnshólar	Vegagerðin hefur unnið þar bindiefni.	I	?
E8	Vaskáreyrar	Vegagerðin hefur tekið þar efni.	IV	?
E9	Laugaland	Vegagerðin hefur tekið hér efni. Lítið er orðið eftir.	II	Grjótgarður
E10	Grjótgarður	Vegagerðin tekur hér byggingarefni sem að mestu er lokið.	II	Grjótagarður
E11	Djúpárakki	Steypu- og fylliefnisnáma	II	Djúpárakki
E12	Moldhaugaháls	Efni til vegagerðar	I	?
E13	Skipalón	Steypuefnisnáma	II	Skipalón
E14	Gáseyri	Pússningarsandur var unninn úr sjávarsandi úr ósum Hörgár, efnisnám er lítið nú.	II	?
E15	Gásar	Gómul náma við bæinn á Gásun, óvíst um framtíð hennar.	I	Gásir

E16	Glæsibær	Steypuefnis- og malarnáma	IV	Glæsibær
E17	Skjaldarvík	Akureyrarbær hefur unnið hér fylliefni.	I	Skjaldarvík
E18	Pétursborg	Upphaflega efnisnáma Vegagerðarinnar.	II	Pétursborg
E19	Blómsturvellir	Malarnáma nýtt af Akureyrarbæ og Vegagerðinni.	II	Blómsturvellir
E20	Að Hlöðum	Malarnám nýtt af landeigendum.	II	?
E21	Vindheimar	Áreyrar Hörgár í belamörk við Vindheima. Nýtt af Vegagerðinni og fleirum.	V	?
E22	Grjótá			?
E23	Kaldbaksdalur			?
E24	Gilsárnáma			Árhvammur
E25	Öxnadalsá			?
E26	Miðskriða			Engimýri
E27	Hólar í Öxnadal			Hólar
E28	Neðri Vindheimar			Neðri-Vindheimar
E29	Hamarsnáma			Ytri-Bægisá
E30	Fossnáma			?
E31	Skóganáma			Skógar
E32	Steðjanáma			Skógar
E33	Krossataðanáma			Krossastaðir

Tafla 2. Efnistökusvæði í Hörgárbyggð



Mynd 6. Íbúapróun í Hörgárbyggð 1999-2008. (Heimild: Hagstofa Íslands)



Mynd 7. Íbúaspá fyrir Hörgárbyggð 2006-2026. (Heimild: Hagstofa Íslands)

2 ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ

2.1 INNGANGUR

Eftirfarandi umfjöllun um mannfjölda byggir á opinberum gögnum frá Hagstofunni og Bygðastofnun og ná til árunna 1986-2004.


2.2 ÍBÚAÞRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR

Íbúum í Hörgárbyggð hefur fjölgað nokkuð síðan árið 1999 eins og sést á súluritinu hér til hliðar. Árið 1999 voru íbúar hreppanna þriggja, Skriðuhrepps, Glæsibæjarhrepps og Öxnadalshrepps, sem mynda Hörgárbyggð, 384 talsins. Í byrjun árs 2008 voru íbúar Hörgárbyggðar 417 og er þetta um 1% fjölgun á ári.¹⁸


Fólksfjölgun má helst rekja til náttúrulegrar fólksfjölgunar í sveitarfélaginu. Aðfluttir umfram brottflutta frá 1999-2008 voru 2 skv. tölum Hagstofunnar. og er þá miðað við innanlandsflutninga. Nálægð við Akureyri skiptir einnig miklu máli og ætla má að meiri hluti fjölgunar muni í framtíðinni eiga sér stað í þéttbýli Hörgárbyggðar, Lónsbakka.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að fjölgun íbúa verði á bilinu 0,5-2,5% á ári. Gert er ráð fyrir að aukningin verði að mestum hluta í þéttbýliskjarnanum Skógarhlið við Lónsá norðan við Akureyri. Íbúafjöldi 1. janúar 2008 í Hörgárbyggð var 417. Þar af bjuggu um 100

¹⁸ Heimasíða Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is>, 28.09.2005.



Mynd 8. **Nettóflutningar frá Hörgárbyggð 1986-2004.**
(Heimild: Hagstofa Íslands)



Mynd 9. **Aldursskipting í Hörgárbyggð 2004.** (Heimild: Hagstofa Íslands)


í Skógarhlíð og 317 í dreifbýli. Miðað við 0,5% árlega fjölgun verða íbúar í sveitarfélagsins um 454 í lok skipulagstímans árið 2026. Ef miðað er við 1-2,5 % aukningu verður íbúatala 500-680 í lok skipulagstímans. Gera má ráð fyrir að fjölgunin verði að mestu í þéttbýlinu Lónsbakka. Ef þróun síðustu ára heldur áfram, en þá er miðað við 0,4% fækkun á ári, þá verða íbúar Hörgárbyggðar um 357 í lok skipulagstímans (sjá mynd 7).

Meðaldur íbúa hefur hækkað nokkuð og samfélagið er að eldast. Aldursskipting íbúa í sveitarfélaginu kemur fram á mynd 9 hér til hliðar. Í samanburði við landsmeðaltal þá er í hlutfallslega séð nokkuð færri í yngstu aldurshópunum frá 0-9 ára. Áberandi er að sjá hversu aldurshópurinn 30-34 ára er miklu minni en á landsvísu en þetta er einmitt aldurshópurinn sem er virkastur á atvinnumarkaðnum.


2.3 Atvinnumál

Samsetning atvinnulífs í Eyjafirði er í meginefnum áþekkt og á landsvísu. Vægi þjónustugreina hefur verið að aukast á undanförunum árum á kostnað úrvinnslugreina. Nokkur stöðugleiki er í frumvinnslugreinum. Þegar skoðað er hvernig þróun í einstökum atvinnugreinum á tímabilinu 1998-2003 kemur í ljós að mesta raunfjölgun ársverka á Eyjafjarðarsvæðinu er í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og því næst fræðslustarfsemi. Aðrar greinar þar sem einnig varð talsverð fjölgun starfa voru fiskveiðar, heilbrigðis- og félagsþjónusta, fiskveiðar og hótél- og veitingahúsarekstur.

Fækkun ársverka á tímabilinu 1998-2003 varð langmest í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði, sennilega samsöfnuð hagræðing í nokkrum fjölda fyrirtækja í greininni. Þá varð einnig áframhaldandi samdráttur í textíl- og fataiðnaði og talsverð fækkun ársverka í landbúnaði.



Mynd 10. **Meðaltekjur eftir atvinnugreinum 2004.** (Heimild: Hagstofa Íslands)



Mynd 11. **Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum á Norðurlandi eystra 1994 og 2004.** (Heimild: Hagstofa Íslands)

Tekjur

Meðaltekjur eftir atvinnugreinum á Norðurlandi eystra eru nokkuð undir landsmeðaltali. Meðalatvinnutekjur í öllum atvinnugreinum námu árið 2004 fyrir Norðurland eystra um 2.524.000 en landsmeðaltalið var um 2.800.000 (sjá mynd 11). Meðaltekjur í flestum atvinnugreinum eru taldar vera um 15% lægri á Akureyri heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur í landbúnaði á Norðurlandi eystra árið 2004 námu 964.000. Í Hörgárbyggð er landbúnaður helsta atvinnugreinin.¹⁹


Ársverk

Á nýliðinni öld hefur orðið ör breyting á atvinnulífi og búsetu landsmanna. Störfum í landbúnaði hefur fækkað ört en um síðustu aldamót fram til 1940 voru 16.000 ársverk í landbúnaði. Árið 1980 voru ársverkin í landbúnaði komin niður í 7000. Hefur þeim síðan verið að fækka að jafnaði um 2% á ári. Nú er svo komið að hlutdeild landbúnaðar í heildarmannaflokki landinu er innan við 5% og fólk hefur flutt úr sveit í þéttbýli (sjá mynd 12). Á árabílinu 1981-1990 varð heildarfjöldur ársverka í landinu um 17.000, er samsvarar 1.6% vexti á ári. Í Hörgárbyggð er landbúnaður helsta atvinnugreinin en þó nokkuð er líka um að fólk búi í Hörgárbyggð en sækir vinnu í þéttbýlið og þá sérstaklega til Akureyrar.²⁰

Mynd 13 sýnir hlutfallslega skiptingu ársverka í Hörgárbyggð árið 2004. Flest störf eru í landbúnaði eða 38% af störfum í sveitarfélaginu. Verslun og þjónusta koma næst með rúm 20%.

¹⁹ Heimasíða Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is>, 21.09.2005

²⁰ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018





Mynd 12. Ársverk í Hörgárbyggð 2004. (Heimild: Hörgárbyggð)


2.3.1 Landbúnaður

Í Eyjafirði er eitt öflugasta landbúnaðarsvæði landsins. Þrátt fyrir samdrátt, kvótasetningu og fleiri takmarkandi aðgerðir hefur hlutur svæðisins haldist. Heildarframleiðsla landbúnaðarafurða á svæðinu er um 20 % af landsframleiðslunni og er því talsverður hluti framleiðslunnar fluttur út af svæðinu, á innanlandsmarkað. Í Hörgárbyggð voru skýrslubú í nautgriparrækt 21 árið 2004.

Í Hörgárbyggð er fjöldi skýrslubúa í sauðfjárrækt 38. Hlutfallslega eru sauðfjárbúin flest í Hörgárdal og Öxnadal. Eitt svínabú er í Hörgárbyggð árið 2004 en það er Hraukbær í fyrrum Glæsibæjarhreppi. Hrossabúskapur getur skilað nokkrum tekjum til bænda, en helstu viðskipti með hross munu að líkindum verða til útlanda, en áfram verður innanlandsmarkaður viss hluti af viðskiptunum.








Tafla 3. **Búfjártölur í Hörgárbyggð** (Heimild: Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins).

2.3.2 Iðnaður

Sláturhús B Jensen er rekið við Lónsá en þar er einnig rekin kjötvinnsla og verslun í tengslum við það. Trésmiðjan Eyrarvík er staðsett við Dagverðareyri. Af öðrum iðnaði þá eru það helst einyrkjar í t.d. múrverki.



Mynd 13. **Gistinætur á Norðurlandi 1998-2004.** (Heimild: Hagstofa Íslands)

2.3.3 Verslun og þjónusta

Húsasmiðjan er með aðsetur í Hörgárbyggðsem og önnur minni fyrirtæki Hörgárbyggð er einkum í tengslum við ferðamenn en gistiheimili eru rekin á nokkrum stöðum í Hörgárbyggð, sjá kafla 3.3.4. Veitingasala er rekinn að sumarlagi að Hálsi í Öxnadal. Þjónusta er í tengslum við íþróttamannvirkin á Þelamörk. Í framtíðinni er gert ráð fyrir föstum starfsmönnum við fræðasetur að Hrauni í Öxnadal sem og að Gásam en þar er gert ráð fyrir uppbyggingu miðalaldarþorps.

2.3.4 Ferðapjónusta

Ferðapjónusta í Hörgárbyggð er að mestu bundin við bændagistingu. Framboð á gistingu er ágætt en þar voru í boði samtals 175 rúm árið 2004 sem skiptust þannig að á Sílastöðum í Hörgárdal voru 62 rúm, 20 rúm á Pétursborg, 29 á Lónsá, 14 rúm á Engimýri og 50 rúm á Þelamörk. Við þetta bætist svefnpokapláss fyrir allt að 100 manns á Þelamörk og svefnpokapláss á Lónsá.²¹

Af myndinni hér til hliðar má sjá að gistinóttum hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin ár á Norðurlandi eystra fyrir utan árið 2001 þar sem nokkur fækkun varð á ferðamönnum. Gistinætur voru alls 231.82 árið 1998 en voru komnar upp í 335.076 árið 2004 og er þetta 45% fjölgun gistinátta á svæðinu.²²

Tjaldstæði á svæðinu er á Engimýri í Öxnadal og sundlaug er á Þelamörk.

Sögustaðir í Hörgárbyggð eru nokkrir og ber helst að nefna Gásir sem er gamall verslunarstaður sem talið er að lagst hafi af í lok 14. aldar. Vinna við gerð deiliskipulags er lokið. Þar verður unnið að bættu aðgengi ferðamanna og vernd minja.

Skipalón en þar bjó landnámsmaðurinn Eysteinn Rauðálfsson, en hann nam Þelamörk frá Bægisá til Kræklingahlíðar. Þar bjó Þorsteinn Danielsson (1796-1882) athafnamaður og smiður. Hann byggði Lónsstofuna árið 1824, íbúðarhúsið sem stendur á Skipalóni og smíðahús árið 1843 sem hefur verið lagfært. Þorsteinn stundaði þilskipaútgerð og verslun.

²¹ Heimasíða Ferðþjónustu bænda, <http://www.farmholidays.is>, 21.09.2005

²² Heimasíða Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is>, 1.12.2004

Á Hlöðum fæddist Ólöf Sigurðardóttir skáldkona. Steindór Steindórsson, kennari og síðar skólameistari Menntaskólans á Akureyri frá Hlöðum var mikilsmetin náttúrufræðingur og eftir hann liggja margar bækur og rit.

Á Hrauni, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar er uppbygging í gangi en verið er að setja á laggirnar fræðasetur.

Á Bægisá bjó sr. Jón Þorláksson sem orti Paradísarmissi og síðan Myrká en þjóðsagan um djákann á Myrká er þjóðkunn. Áður var Myrká kirkjustaður en nú er þar engin kirkja en kirkjugarður.

2.3.5 Skógrækt

Skógrækt á vegum Norðurlandsskóga er ný grein í landbúnaði á svæðinu. Markmiðið með Norðurlandsskógum er að gefa sem flestum tækifæri á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu, jafnframt því að græða og bæta landið og byggja upp nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir. Með fjölnytjaskógrækt er átt við hvers konar skógrækt sem gefur af sér fjölbreyttar nýttar eins og timbur, ber og sveppi, skjól og útivist, landslagsfegurð og margt fleira.

Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti; timburskógrækt, skjólbeltarækt og landbótaskógrækt.

Heiti jarðar	Tegund	Stærð (ha)
Hesjuvellir		18
Ásláksstaðir		44
Hraukbæjarkot		11
Moldhaugar		19
Glæsibær		275
Dagverðareyri		72
Steðji		41
Skjaldarstaðir		40
Gerði		35
Flaga		40
Dagverðartunga		22
Myrkárbakki		23

Tafla 4. Bæir sem voru samningsbundnir þátttakendur í Norðurlandsskóga-verkefninu árið 2004. (Stærð svæða er miðuð við mælingar Norðurlandsskóga)

Stærsta skógræktarsvæði í fyrrum Glæsibæjarhreppi er á Þelamörk. Þar er ráðgert að skógarsvæðið verði nánast samfelld frá norðurmörkum jarðarinnar Laugalands og suður að Fossá. Skógurinn nær í rúmlega 150 m y.s. Inni á þessu svæði er m.a. að finna frístundabyggð í landi Steðja, en þar eru einnig nokkrar skógræktarlóðir leigðar út. Á jörðinni Glæsibæ er stórt skógræktarsvæði, rúmlega 200 ha, og þar er einnig frístundabyggð. Nokkuð stórir skógarreitir eru einnig í landi jarðanna Hlaða og Dagverðareyrar. Helstu skógarreitir í fyrrum Skriðuhreppi eru í landi Skriðu, Árdísarlundi í landi Myrkárbakka, í landi Auðbrekku og í landi Öxnhóls. Fyrirhugað er að planta í landi Flögu, þ.e. í Flöguhálsi. Minni reitir eru einnig í landi Þríhrynings og Stóra-Dunhaga.²³

Önnur svæði sem ekki tengjast Norðurlandsskógum eru eftirfarandi: Miðhálsstaðir u.þ.b. 70 ha og Laugaland 100 ha sem eru á vegum Skógræktarfélags Eyfirðinga og Vaglir sem er u.þ.b. 90 ha svæði á vegum Skógræktar ríkisins.

2.3.6 Frístundabyggð

Í Hörgárbyggð hefur verið samþykkt deiliskipulag frístundahúsa í landi jarðanna Steðja, Glæsibæjar og Staðartungu. Í sveitarfélaginu er einnig frístundabyggð í landi Sílastaða þar sem ferðaþjónusta er rekin. Auk þessa er gert ráð fyrir nýjum frístundabyggðum í landi Myrkárbakka; í Árdísarlundi og í Flöguhálsi sem er í landi Flögu. Loks er gert ráð fyrir frístundabyggð í landi Gloppu. Frístundahús í Hörgárbyggð voru 41 árið 2004.²⁴

Heiti frístundasvæðis	Fjöldi húsa	Stærð (ha)	Frekari upplýsingar
Sílastaðir	12	?	Ferðaþjónustuhús
Steðji	31	30	Deiliskipulag í vinnslu
Glæsibær	6-8	?	Samþykkt deiliskipulag
Gloppa	3-5 hús	1-2	?
Staðartunga	20-24 hús	?	Samþykkt deiliskipulag
Myrkárbakki	?	?	?
Flaga	?	?	?

Tafla 5. Frístundasvæði í Hörgárbyggð 2004.

²³ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

²⁴ Munnleg heimild frá Fasteignamati ríkisins.


2.4 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA

Í Hörgárbyggð er 7 manna sveitarstjórn og hefur sveitarstjóri aðsetur í þelamerkurskóla. Með sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi árið 1986 varð sú breyting að sýslunefndir voru lagðar niður. Héraðsnefnd Eyjafjarðar tók til starfa árið 1988 og er aðsetur hennar og varnarþing á Akureyri. Starfssvæði nefndarinnar er öll Eyjafjarðarsýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Dalvíkurbyggð og Akureyri auk Svalbarðsstrandarhrepps og Grýtubakkahrepps. Alls eiga 10 sveitarfélög aðild að nefndinni og í henni situr 21 fulltrúi. Einn starfsmaður í hálfu starfi annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Héraðsnefnd annast verkefni samkvæmt ákvæðum laga eða eftir því sem um semst milli aðildarsveitarfélaga. Sem dæmi um föst verkefni er heyra undir Héraðsnefnd eru almannavarnir og öryggismál, skipulags- og byggingarmál, sbr. rekstur byggingarfulltrúaembættis Eyjafjarðarsvæðis, samgöngu- og vegamál, þátttaka í rekstri Amtbókasafnsins á Akureyri, Héraðsskjalasafnsins á Akureyri og Minjasafnsins á Akureyri. Einnig má telja þátttöku í stjórn og framkvæmdum við framhaldsskóla í Eyjafirði, fjallskil og ýmis sveitarstjórnarmál sem varða héraðið allt.

Samrekstur sveitarfélaganna kemur fyrir á mörgum sviðum og þá að mestu á grundvelli og fyrir atbeina Héraðsnefndar. Færri sveitarfélög hafa einnig haft samstarf um ákveðna þjónustu, s.s. rekstur skóla og öldrunarheimila. Embætti heilbrigðiseftirlits, sem staðsett er á Akureyri, þjónar öllu Norðurlandi eystra.

Aðilar að Almannavarnanefnd Eyjafjarðar eru samtals 9 sveitarfélög. Formaður hennar er sýslumaðurinn á Akureyri. Byggingarfulltrúi sem þjónar sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu öðrum en Siglufirði nú Fjallabyggð, Dalvík og Akureyri, átta talsins, starfar á vegum tveggja svæðisbyggingarnefnda.

Sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu eru aðilar að landshlutasamtökunum Eyþingi, að Siglufjarðarbæ undanskildum. Umdæmi Eyþings nær frá Ólafsfirði að vestan að Þórshafnarhreppi að austan og eru bæði þessi sveitarfélög meðtalin. Markmið Eyþings er að efla samvinnu sveitarfélaganna á þessu svæði, gæta hagsmuna þeirra og styrkja byggð og mannlíf í landshlutanum öllum. Lögð er sérstök áhersla á atvinnumál, félagsmál og



Mynd 14. Nemendaspá fyrir grunnskólann í Vesturbyggð.

menningarmál. Eyþing hefur samstarf við Héraðsnefnd Eyjafjarðar, önnur landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.²⁵

2.4.1 Grunnskólar og leikskólar

Í Hörgárbyggð er rekinn einn grunnskóli á þelamörk með um 101 nemanda. Leikskólinn Álfasteinn í Kræklingahlíð er með pláss fyrir um 16 börn.

Samkvæmt nemendaspá, sem fram kemur á mynd 13, mun nemendum fækka/fjölga nokkuð í Hörgárbyggð á næstu árum. Ef tekið er mið af íbúaspá mun nemendum í Hörgárbyggð fjölga um 10-24 miðað við 0,5-1% fjölgun íbúa. Miðað við 0,4% árlega fækkun íbúa á skipulagstímanum fækkar nemendum um 9.

2.4.2 Sjúkraflutningar, almannavarnir og brunavarnir

Eftirfarandi sveitarfélög eru aðilar að Brunavörnum Eyjafjarðar bs: Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Brunavarnir Eyjafjarðar eiga einn bíl sem geymdur er hjá slökkviliðinu á Akureyri. Slökkviliðið á Akureyri mannar bílana, en að öðru leyti eru slökkviliðsmenn kallaðir út í viðkomandi sveitarfélagi þegar á þarf að halda. Í nokkrum þessara sveitarfélaga er til lágmarksslökkvibúnaður til að bregðast við skyndiútköllum.²⁶

2.4.3 Heilbrigðisstofnanir og íbúðir aldraðra

Hörgárbyggð heyrir undir starfssvæði svæðisráðs um málefni fatlaðra á Norðurlandi, skv. lögum um málefni fatlaðra.²⁷ Eyjafjarðarsvæðið, nema Siglufjörður, nú Fjallabyggð, tilheyrir læknishéraði Norðurlands eystra, sem nær yfir sama svæði og kjördæmið.

2.4.4 Sorpeyðing

Sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu, nema Siglufjörður, nú Fjallabyggð, eru aðilar að sorpsamlagi sem nefnt er Sorpeyðing Eyjafjarðar b/s. Sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu annast sjálf sorphreinsun og flutning úrgangs. Sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu, þar sem Siglufjörður er undanskilin, stofnuðu byggðasamlagið Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs, sem tók

²⁵ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

²⁶ sama

²⁷ sama

til starfa í janúar 1994. Byggðasamlagið hefur haft sameiginlegan sorpurðunarstað á Glerárdal frá árinu 1992. Þar var unnið mat á umhverfisáhrifum 1994, skv. lögum nr. 63/1993 og starfsleyfi fengið. Móttökustaður fyrir brotamálma er ofan við Krossanes norðan Akureyrar. Sorpeyðing Eyjafjarðar bs hefur gert samning við Endurvinnsluna hf um förgun og móttöku spilliefna. Sú starfsemi er í Réttarhvammi á Akureyri.

Til athugunar eru m.a. tveir förgunarstaðir á Eyjafjarðarsvæðinu, þ.e. í Arnarneshreppi og í Hörgárbyggð. Unnið er að rannsóknum á kostum og göllum þessara staða. Auk þess kemur til álita að taka upp samvinnu við sveitarfélög utan Eyjafjarðar og stækka sorpförgunarsvæðið og að urðun fari þá fram utan Eyjafjarðar.²⁸

2.5 SAMGÖNGUR

Almenningssamgöngur eru fyrir hendi en þær eru yfirleitt nokkuð takmarkaðar. Vilji er fyrir því meðal flestra sveitarstjórna að koma á fót almenningssamgöngukerfi á Eyjafjarðarsvæðinu. Það þarf að ná til samgangna á landi, á sjó og í lofti. Endastöðvar þessa kerfis þurfa í framtíðinni að vera Siglufjörður að vestan og Grenivík að austan. Tengingar inn til dalanna þarf að athuga og mun hagkvæmni ráða þar miklu. Um er að ræða Svarfaðardal, Hörgár- og Öxnadal, Eyjafjarðardal og Fnjóskárdal.

2.5.1 Vegir

Þjóðvegur 1 liggur í gegnum Hörgárbyggð og vegasamband mjög gott. Einna síst er vegsambandið við innanverðan Hörgárdal en vegurinn teppist auðveldlega vegna snjóá og aurbleyta er lengi að fara úr honum.

Milli þéttbýlisstaðanna í Eyjafirði er kominn góður uppbyggður vegur með bundnu slitlagi. Taflan hér að neðan sýnir hlutfall vegflokka í Hörgárbyggð. Stofnvegir eru 55% af vegum í Hörgárbyggð en tengivegir 45%. Stofnvegir eru allir bundnir slitlagi aðrir vegir eru malarvegir.

²⁸ Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018

Vegheiti (nr.)	Vegflokkur	Km	Hlutfall
Hringvegur frá Öxna-dalsá að Dagverðareyri	Stofnvegir	35	55%
Staðarbakkavegur (814)	Tengivegir	29	45%
Dagverðareyrarvegur (816)			
Blómsturvallavegur (817)			
Hlíðarvegur (818)			
Auðnavegur (8140)			
Eyrarvíkurvegur (8160)			
Þelamerkurvegur ()			
	Samtals	64	100,00%

Tafla 6. **Helstu vegir í Hörgárbyggð. (Heimild: Vegagerðin)**

Sýslumörk hjá Grjóta - Öxnadalsá				Þverá -Hörgárdalsvegur		
	SDU	VDU	ÁDU	SDU	VDU	ÁDU
2000	1120	329	668	1216	357	725
2004	1322	471	821	1500	545	940

ÁDU: Árdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið
SDU: Sumardagsumferð, meðalumferð á dag yfir sumartímann, júní-september
VDU: Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag yfir vetrartímann, desember-mars

Tafla 7. **Umferð um Hörgárbyggð. (Heimild: Vegagerðin)**

Umferð hefur aukist jafnt og þétt á síðastliðnum árum um vegi í Hörgárbyggð sérstaklega yfir sumarmánuðina. Gera má ráð fyrir að umferð muni halda áfram að aukast ef þróunin verður eins og hún hefur verið síðastliðin ár.

2.6 Veitur

Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, annast rafmagnsdreifingu og orkusölu víðast hvar á Eyjafjarðarsvæðinu nema á Akureyri, en rafmagnið er keypt á heildsöluverði frá Landsvirkjun. Rafflínur til neytenda í dreifbýlinu eru að mestu á tréstaum eða -stæðum. Litlir rafspennar eru í staumum við aðveitu að bújörðum, en spennistöðvar eru í

þéttbýliskjörnunum. Víða er unnið að því að koma raflínunum í jörð, sérstaklega heimtaugum. Ýmist er um að ræða eins eða þriggja fasa afhendingu á rafmagni í dreifbýli.

Helsta jarðhitasvæði Eyjafjarðarhéraðs er í norðurhluta Eyjafjarðarsveitar. Það er oft kallað Laugaland-Hrafnagils-Kristnes-svæðið og þaðan er vatns aflað fyrir Hitaveitu Akureyrar. Auk þess er þetta vatn nýtt til upphitunar í norðurhluta Eyjafjarðarsveitar. Fjöldi virkra borhola er níu, og þar af er ein að Laugalandi á Þelamörk. Aðalvatnsæð frá Laugalandi á Þelamörk er einangruð stálpípa. Lengd hennar er 11.500 metrar.

Allt dreifikerfi síma er komið í jörð og sama gildir um ljósleiðarakerfið sem fer um svæðið.

Endurvarpsstöðvar fyrir RÚV er í landi Bægisár í Hörgárbyggð.

Vatnsveita Akureyrar er með viðbótarvatnsöflun frá Vöglum á Þelamörk en þar eru 12 borholur. Ef farið verður í uppbyggingu á stórum iðnfyrirtækjum í nánd við Dysnes, sem þurfa mjög mikið vatn, þarf að virkja neysluvatnslindir á Hörgáreyrum með því að grafa brunna í eyrarnar. Nefnd eru nokkur hugsanleg svæði, s.s. Möðruvallanes, eyrar neðan Hörgárbrúar, eyrar vestan Hörgár gengt Djúparbakka og eyrar við Dunhaga gengt Þelamerkurskóla. Einnig er talað um vatnstöku á eyrum Hörgár ofar í dalnum, allt upp að Staðartungu, sem væri í um 23 km fjarlægð frá Dysnesi. Loks er talað um stórar lindir sem koma úr berghlaupum við Hraun í Öxnadal, en þá er fjarlægð frá Dysnesi orðin rúmlega 30 km.

Í fyrrum Öxnadalshreppi er ekki samveita. Bújarðir hafa einkavatnsból eins og víðast gegnir í dreifbýlissveitarfélögum.

Staða frárennslismála er nokkuð mismunandi í Hörgárbyggð. Stórar rotþrær, sem grafnar eru í jörð eru við skóla- og íþróttamannvirkin á Þelamörk og í Skógarhlíð í Hörgárbyggð,

2.8 FORNMINJAR

Samkvæmt þjóðminjalögum skal fara fram fornleifaskráning áður en aðalskipulag er staðfest en í því felst að teknar eru saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki.

Ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðum þar sem þekktar fornleifar eru (hvort sem þær sjást á yfirborði eða ekki) þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins sem ákveður hvort og hvenær framkvæmdir mega hefjast. Það eru því hagsmunir framkvæmdaraðila að hægt sé að fletta upp ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum.

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um að allar fornleifar 100 ára og eldri séu friðaðar sbr. 9. gr. laganna. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó-gröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af mannavöldum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Svæðisskrá fornleifa liggur fyrir, en hún var unnin af Fornleifastofnun Íslands árið 1999. Í svæðisskráningu felst öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og gagnasöfnum sem gefur til kynna yfirlit og eðli menningarminja á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við í svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Nú er unnið að aðalskráningu fornleifa í Hörgárbyggð og stefnt að þeirri vinnu verði lokið árið 2007.

Í Hörgárbyggð eru eftirfarandi staðir friðlýstir samkvæmt þjóðminjalögum:²⁹

6507 SKRÍÐUHREPPUR

Auðbrekka. *Steinker gamalt, stórt; höggvið út úr rauðleitu móbergi.* Sbr. Árb. 1924: 51. Skjal

undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Búðarnes. *Búðatóftir þrjár fornar; þær eru í nesinu, sem Hörgá myndar þar.* Sbr. Árb. 1906: 21.

Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Fornhagi. *"Kirkjutóft", er svo kallast, laut mikil í hól þann, er Kirkjuhóll heitir, niðri í túninu.* Sbr.

Árb. 1906: 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Myrkárdalur. *Rústarbrot forn, útundan gamalli uppgróinni skriðu.* Sbr. Víga-Glúms sögu, 26.

kap.;⁶⁸ Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Staðartunga. *Forntóftir þrjár, sem eru á móanum vestan megin við Yxnadalsbrúna.* Sbr. Árb. 1906:

22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Öxnahóll. *"Lögrjetta", er svo heitir, dálítil girðing nálægt landamærum Öxnahóls og Barkár.* Sbr.

Árb. 1906: 21. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

6508 ÖXNADALSHREPPUR

Bakki. *Leifar hins forna eyðibýlis Hofgerðis.* Sbr. Árb. 1906: 22. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Gloppa. a. "Kofarúst skógarmanns", norðanmegin við Vaskárgljúfrið, og b. "dys skógarmannsins", sunnanmegin við það gljúfur. Sbr. Árb. 1906: 23. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

²⁹ Fornleifanefnd-Þjóðminjasafn Íslands 1990. Fornleifaskrá, skrá um friðlýstar fornleifar.

6509 GLÆSIBÆJARHREPPUR

Gæsir. a. Allar hinar fornu búðartóftir á Gáseyri. Sbr. Árb. 1901: 18; Árb. 1908: 3-8. b. Kirkjutóft og kirkjugarður, á dálítilli brún fyrir vestan grundina, sem búðatóftirnar eru á. Sbr. Árb. 1908: 5-8. Skjal undirritað af MB 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932.

Húsfriðun

Í II. Kafla um húsafriðun nr. 104/2001 er kveðið á um friðun húsa og annarra mannvirkja og skipulag húsafriðunar.

Ákvæðin eru í öllum meginatriðum samhljóða ákvæðum eldri þjóðminjalaga sem miðað hefur verið við friðlýsingu húsa á skipulagssvæðinu.

Í Hörgárbyggð falla eftirtalin hús undir ákvæði laga um húsfriðun:³⁰

Bakkakirkja í Öxnadal. Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Forkirkja reist 1910. Höfundur ókunnur. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Ytri-Bægisáirkirkja. Timburhús reist 1858. Höfundur Sigurður Pétursson timburmaður á Akureyri. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Glæsibæjarkirkja í Kræklingahlíð. Timburhús reist 1866. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Kirkjan byggð upp úr Osstofu í Hörgárdal sem Þorsteinn reisti 1858. Turn reistur 1929. Höfundur ókunnur. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Lónsstofa á Skipalóni. Stokkbyggt timburhús reist 1824. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.

³⁰ Húsafriðunarnefndar ríkisins.

Smíðahús á Skipalóni. Timburhús reist 1843. Höfundur Þorsteinn Daníelsson forsmiður á Skipalóni. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1985. Friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989.